



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Skýrsla um innra mat í Borgarholtsskóla skólaárið 2011 - 2012

Efnisyfirlit

Inngangur að skýrslu um innra mat Borgarholtsskóla 2011-2012	3
1. Viðhorfskannanir	4
a) Yngri nemar, október 2011.....	4
b) Eldri nemar, október 2011	5
Samanburður á völdum þáttum milli yngri og eldri nemenda, október 2011.....	6
2. Starfsmannakönnun, maí 2012.....	6
3. Áfangakannanir í nóvember 2011 og í apríl 2012.	8
4. Mat á innri þjónustu.....	9
5. Umbótastarf.....	10

Inngangur að skýrslu um innra mat Borgarholtsskóla 2011-2012

Markmið sjálfsmats Borgarholtsskóla

Sjálfsmati skólans er ætlað að ná til helstu þátta skólastarfsins; kennslu, stjórnunar og rekstrarþátta, samskipta innan skólans, stoðþjónustu og samskipta við aðila utan skólans sem honum tengjast. Sjálfsmatið er unnið í nánnum tengslum við skólanámskrá. Niðurstöður matsins verða jafnharðan leiðbeinandi um umbætur í skólastarfinu og samskipti og samstarf starfsmanna skólans, nemenda og annarra sem skólastarfsemina varðar.

Ný verkáætlun 2010-2013

Ný áætlun um innra mat í Borgarholtsskóla var unnin í mars 2009 og er hún gerð í samræmi við fyrirmæli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Hér segir:

Mat og eftirlit með gæðum.

40. gr.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er að:

- a. *veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,*
- b. *tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,*
- c. *auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
- d. *tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.*

41. gr

Innra mat.

Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Þessi nýja verkáætlun byggir að einhverju leyti á framhaldi sjálfsmats frá 2006 – 2010 en þó með breytingum þar sem skólinn mun ekki lengur styðjast við Framhaldsskólarýni frá Rannsóknarstofu Háskólans á Akureyri. Allar rafrænar kannanir eru áfram unnar í samstarfi við Upplýsingatæknisetrið STEFNU ehf. á Akureyri. Áætlunin nær til fjögurra ára frá upphafi vorannar 2010 til og með maí 2013.

Þátttakendur í innra mati

Yfirumsjón sjálfsmats Borgarholtsskólans er í höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara og verkefnisstjóra innra mats. Þeir gera áætlanir um viðhald sjálfsmats skólans, samþykkja gögn og

verkefni, bera ábyrgð á úrvinnslu og skýrslugerð. Þeir sjá sömuleiðis um að umbætur komi til framkvæmda. Kennslustjórar hafa umsjón með þáttum sem varða viðkomandi námsbrautir. Starfandi er rýnihópur sem er til halds og trausts varðandi framkvæmd einstakra þátta matsins s.s. við úrvinnslu og efni í skýrslu og gerir tillögur um umbótaáætlanir.

Í rýnihópnum sitja: skólameistari/aðstoðarskólameistari/áfangastjóri, verkefnisstjóri innra mats, einn kennslustjóri og einn kennari. Gæta ber að hafa jafnt kynjahlutfall ásamt eðlilegri dreifingu milli bóknáms, verknáms, listnáms og annars náms.

Með virku innra mati skóla skapast grundvöllur fyrir markvissri skoðun á árangri og leiðum til úrbóta og upplýsingagjöf um starfsemina.

Eftirfarandi kannanir hafa farið fram skólaárið 2011-2012:

1. Viðhorfskannanir:

Á haustönn eru gerðar kannanir á viðhorfi til skólastarfsins og veru í skólanum meðal eldri og yngri nemenda. Yngri nemendur eru nýnemar hverju sinni og eldri nemendur þeir sem eru á 3. og 4. ári og þar með 18 ára eða eldri.

a) Yngri nemar, október 2011

203 nýnemar eða 78% nýnema svöruðu viðhorfskönnun um ýmsa þætti skólastarfsins. Í fyrra svaraði 171 nemandi (67%) sambærilegri viðhorfskönnun. Nemendur dreifðust hlutfallslega á eftirfarandi hátt milli brautir skólans: Bóknámsbrautir (39%), lista- og fjölmiðlasvið (9%), málm- og véltækisvið (2%), bíliðngreinar (13%), verslunar-/félagsliðabraut (4%) og almenn námsbraut (33%).

Niðurstöður

Mjög jákvætt viðhorf:

- Langflestir (94% nú en 90% í fyrra) eru **ánægðir með skólann** og 91% **líður vel** í skólanum
- Nemendur vilja **standa sig vel** (94% nú en 93% í fyrra)
- Mjög mörgum finnst að skólinn leggi áherslu á **góðan námsárangur** (82% nú en 80% í fyrra)
- Góður **félagsandi** (86% nú en 80% í fyrra)
- Mjög margir eru ánægðir með þjónustu **bókasafnsins** (78%), **netþjónustu** (82%), og **þrif** í skólanum (86%).

Umhugsunarefni:

- **25%** hafa nýlega hugsað um að hætta í skólanum.
- **35%** hafa áhyggjur af fjármálum.

- 30% finna fyrir kvíða.

Ívið færri nemendur hafa áhyggjur af ofangreindum þáttum nú en í fyrra. Munurinn telst þó vart marktækur.

b) Eldri nemar, október 2011

134 nemendur eða 67% (18 ára eða eldri) svöruðu viðhorfskönnun um ýmsa þætti skólstarfsins. Í fyrra svöruðu 109 eldri nemendur (55%) sambærilegri viðhorfskönnun.

Nemendur dreifðust hlutfallslega á eftirfarandi hátt milli brauta skólans: 48% eru á stúdentsprófsbrautum, - 23% á lista og fjölmiðlasviði, - 8% á mál- og véltækisviði, - 11% í bíliðngreinum og 10% á verslunar- og félagsliðabraut.

Jákvætt viðhorf:

- 74% nemenda telja kennara vera sanngjarna og jákvæða
- 87% nemenda eru jákvæð til starfsmanna ræstinga
- 56% nemenda hafa jákvætt viðhorf til skólans

Umhugsunarefni:

- 18% hafa nýlega hugsað um að hætta í skólanum
- 43% nemenda hafa áhyggjur vegna fjármála
- 30% nemenda eru kvíðin
- 26% nemenda telja að vinna bitni á námi þeirra

Umbætur:

Miðað við almennt ástand í samfélaginu eru skiljanlega margir nemendur kvíðnir og með fjárhagsáhyggjur. Þessar tilfinningar eru ekki bundnar einstökum vinnustöðum eða skólum heldur einkenna samfélagið almennt.

Þetta árið hefur verið bryddað upp á nýjungum í skólstarfseminni til að draga úr kvíða, styðja nemendur í námi og forða brottfalli. Þetta má helst nefna:

- Nemendur af erlendum uppruna fá sérstakan stuðning. Stuðningskennari tekur þá í aukatíma í íslensku. Námsefni hefur verið lagað að þörfum þessara nema. Þeim sem höllustum fæti standa hefur verið vísað í sérstaka íslenskuáfanga í FÁ og Tækniskólanum.
- Öllum nemendum eru boðnir stoðtímar í stærðfræði, einu sinni í viku. Vissir stærðfræðiáfangar hafa verið lagaðir að þörfum einstakra námsbrauta. Hjá verknámsnemum hefur algebru verið skipt út úr vissum áföngum fyrir aðrar áherslur í stærðfræði.
- Sérstakt námskeið fyrir þá sem vilja standa vel að undirbúningi fyrir lokapróf er haldið í fyrsta sinn þessa haustönn.

- Önnur verkefni sem hafa þann tilgang að styðja við fjölbreyttar þarfir nemenda halda áfram, s.s.: námskeið í námstækni, hópráðgjöf gegn kvíða og þunglyndi, námsáfangi fyrir félagslega einangraða og dyslexíuáfangi.
- Unnið er að því að bæta umsjónarkerfi skólans. Vel er haldið um nýnema en umsjón með eldri nemum er aukin og bætt, sérstaklega þeim sem koma úr öðrum skólum.

Samanburður á völdum þáttum milli yngri og eldri nema í október 2011

Viðhorf til löglegra ávanabindandi fíkniefna

	Yngri	Eldri	Munur
Tóbak			
Á móti	57%	37%	20
Stendur á sama	18%	32%	-14
Áfengi			
Á móti	28%	10%	18
Stendur á sama	29%	24%	5

Ofangreind tafla sýnir að afstaða nemenda til áfengis- og tóbaksnotkunar breytist með aldri. Fleiri yngri nemendur eru á móti áfengi og tóbaki en eldri nemendur.

Vímuefnaneysla unglunga í efstu bekkjum grunnskóla hefur minnkað mikið hér á landi frá lokum síðustu aldar sbr. könnun Rannsóknar og dreifingar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið (2012). Samkvæmt henni hefur þeim unglungum sem hafa orðið drukknir sl. 30 daga fækkað úr 33% árið 2000 í 7% 2012. Sömuleiðis hefur unglungum sem reykja daglega fækkað á sama tímabili úr 16% í 3%. Þetta eru afar góðar fréttir.

2. Starfsmannakönnun, maí 2012

Í könnuninni eru 36 spurningar.

Svarhlutfall: 60%. 120 bauðst að svara, 72 svöruðu.

Framkvæmd 15.-23. maí 2012

Kyn: 32 karlar og 38 konur.

Niðurstöður

Líðan og samstarf

- 90% segja að starf þeirra skipti máli fyrir skólann í heild.
- Hjá 80% gengur vel að vinna með næstu samstarfsmönnum en ekki eins vel hjá 7%.
- 77% líður vel í vinnu, 10% segir sér líði ekki vel og 14% segja hvorki né.
- 70% starfsmanna segist reyna að efla félagsandann í skólanum en 3% eru meðvituð um að þau gera það ekki.
- Helmingi starfsmanna (53%) finnst hann fá hvatningu og hrós frá samstarfsmönnum sínum en fjórðungi (23%) finnst það ekki. 24% svara hvorki né.
- 25% starfsmanna finnst þeir fá hvatningu og stuðning til að sækja sér aukna þekkingu en 43% finnst það ekki. 31% svara hvorki né.
- 29% starfsmanna finnst vera til skýrar reglur um meðferð frávika í máli starfsmanna en 32% finnst það ekki. 38% svara með hvorki né.
- 28% starfsmanna verða vör við einelti meðal starfsmanna skólans.
- 22% starfsmanna eru sammála því að skólinn leitist við að leysa eineltismál sem upp koma en 26% eru ósammála því. 52% segja hvorki né.

Vinnuaðstaðan og vinnustaðurinn

- 74% starfsmanna vilja auka samstarf milli ólíkra starfssviða skólans, 21% segja hvorki né og 5% eru ósammála.
- 78% líta á skólann sem framtíðarstarfsvettvang en 2% ekki; 19% segja hvorki né.
- 56% eru ánægð með vinnuaðstöðu í skólanum en 21% eru ekki ánægð með hana; 23% segja hvorki né.
- 49% finnst búnaðurinn sem nýtist í starfi vera fullnægjandi. 41% starfsmanna segir búnaðinn ekki fullnægjandi; 11% segja hvorki né.

Stjórnendur

- 49% segja að verkaskipting milli kennara og stjórnenda séu skýr en 17% finnst það ekki vera svo. 35% segja hvorki né.
- 46% aðspurðra eru ánægð með stefnu skólans. 22% eru ekki ánægð. 32% svara hvorki né.
- 46% finnst stjórnendur gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir og stefnu skólans. 28% finnst þeir ekki hafa áhrif. 25% svara með hvorki né.
- 40% finnst stjórnendur sýna áhuga á því sem starfsmenn gera og 40% finnst það ekki. 20% svara hvorki né.
- 35% telja að stjórnendur leysi vandamál innan hóflegs tíma en 34% telja það ekki.
- 53% svarenda finnst skólameistari leggja áherslu á árangur af skólastarfinu en 28% svara hvorki né.
- 38% eru ánægð með stjórn skólans, 29% segja hvorki né og 33% eru það ekki.

Starfsmenn um nemendur

- 53% starfsmanna telja að nemendur beri virðingu fyrir skólanum. 16% telja það ekki.
- 42% finnst vinnuagi og reglusemi til fyrirmyndar en 28% finnst það ekki.

Helstu niðurstöður starfsmannakönnunar

Svarhlutfall í starfsmannakönnuninni nú er lægra en í fyrra, fer úr 78% vor 2011 í 60% vor 2012. Það er umhugsunarefni.

Langflestir sem svara telja að starf þeirra skipti máli fyrir skólann í heild, þeim gengur vel í að vinna með næstu starfsmönnum og líður almennt vel í vinnu.

Breytingar eru til bóta í mörgum atriðum milli ára. Helmingur starfsfólks telur sig fá hvatningu og hrós frá samstarfsmönnum sínum. Áfram vill meirihluti starfsmanna auka samstarf milli ólíkra starfssviða, svipaður meirihluti er ánægður með vinnuaðstöðu í skólanum og svipaður meirihluti telur að verkaskipting milli kennara og stjórnenda séu skýr. Þessum atriðum þarf að gefa gaum og nota tækifæri til að bæta þau.

Umhugsanarverð breyting á sér stað í mati starfsfólks á virðingu nemenda fyrir skólanum. Rúmlega helmingur telur (52%) telja að nemendur beri virðingu fyrir skólanum en fyrir ári var þessi tala 62%.

Jákvæð þróun á sér stað í mörgum atriðum.

Tæplega ¾ starfsfólks segist reyna að efla félagsandann (voru rúmlega helmingur í fyrra), fjórðungi finnst hann fá hvatningu og stuðning til að sækja sér aukna þekkingu (var tæpur fimmtungur í fyrra).

Fleiri eru ánægðir með stjórn skólans nú (38%) en í fyrra (23%). Rúmlega helmingi (nú 53% en 38% í fyrra) finnst skólameistari leggja áherslu á árangur af skólastarfinu.

Gleðilegt er að sjá að þeim starfsmönnum fjölgar sem líta á skólann sem framtíðarstarfsvettvang; eru 78% nú en voru 63% í fyrra.

Í heild eru niðurstöðurnar þetta árið jákvæðari en í fyrra, margt þokast til betri vegar. Hafa verður í huga að niðurstöðurnar endurspeglar ekki aðeins ástand í einum skóla heldur gegnsýrast þær af þjóðfélagsástandinu og miklum almennum niðurskurði.

3. Áfangakannanir í nóvember 2011 og í apríl 2012

Á fjögurra ára tímabili er lagt mat á flesta áfanga og allir kennarar eru metnir af nemendum þeirra. Í þetta skipti voru 52 áfangar og 29 kennarar teknir út í nóvember 2011 og í mars 2012 voru 54 áfangar metnir og 23 kennarar. Eftir að niðurstöður úr matinu lágu fyrir fékk viðkomandi kennari þær í umslagi til yfirlestrar og í maí ræddu kennarar niðurstöðurnar við skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Niðurstöður áfangakannana eru trúnaðarmál kennarans og stjórnenda en ef um vandamál er að ræða sem grípa þarf inn í kemur það til kasta skólameistara að leita leiða til úrlausna með viðkomandi kennara ef tilefni er til.

4. Mat á innri þjónustu

Mat starfsmanna

Innri þjónusta skólans fær góða dóma hjá starfsfólki, þ.e. bókasafn, netþjónusta, mötuneyti, þrif og þjónusta skrifstofu og umsjónarmanna. Í öllum tilfellum nema einu eru yfir 50% svarenda ánægðir með þjónustuna.

- 82% svarenda finnst þjónusta bókasafnsins góð; 18% svara hvorki né. Engum finnst þjónustunni ábótavant.
- 88% finnst viðmót starfsfólks á bókasafni gott; 12% svara hvorki né. Enginn svarenda er óánægður.
- 63% svarenda finnst netþjónusta skólans góð; 24% finnst megi bæta hana; 9% svara hvorki né.
- 64% finnst viðmót starfsfólks í netþjónustu vera gott; 20% finnst megi bæta hana; 16% svara hvorki né.
- 43% svarenda finnst mötuneytið í skólanum gott; 19% finnst það ábótavant; 39% svara hvorki né.
- 93% svarenda finnst viðmót starfsfólks í mötuneyti gott; 7% svara hvorki né; engum þykir viðmótið ábótavant.
- 87% finnst þrif á skólanum til fyrirmyndar; 4% eru ósammála því ; 9 svara hvorki né.
- 96% finnst viðmót ræstitækna gott; 3% svara hvorki né; 1% er ósammála.
- 60% finnst þjónustan á skrifstofunni góð; 22% finnst henni ábótavant; 17% svara hvorki né.
- 67% finnst viðmót starfsfólks á skrifstofunni gott; 17% finnst það ekki gott; 16% svara hvorki né.
- 70% finnst þjónusta umsjónarmanna góð; 19% eru ósammála því; 12% svara hvorki né.
- 66% finnst viðmót umsjónarmanna gott; 23% eru ósammála því; 11% svara hvorki né.

Mat nemenda

- 62% yngri nemenda finnst mötuneytið í skólanum gott, 27% svara hvorki né og 11% þykir það ekki gott.
- 27% eldri nemenda finnst mötuneytið gott, 21% svara hvorki né og 52% eldri nemenda finnst mötuneytið ekki gott.

Óánægja nemenda snýr fremur að matarverðinu en framboðinu. Haustið 2011 tók nýr rekstraraðili við mötuneytinu. Breytt var um áherslur í fæðuframboði. Áhersla er lögð á hollan mat í samræmi við stefnu skólans um að vera heilsueflandi skóli. Samstarf skólans og rekstraraðilans hefur gengið vel og er í stöðugri þróun. Stefnt er að því að þróa úrvalið í samræmi við væntingar nemenda skólans.

- 45% eldri nemenda finnst þjónusta skrifstofunnar góð, 29% svara hvorki né og 26% finnst þjónustan ekki góð.
- 54% yngri nemenda finnst þjónusta skrifstofunnar góð, 31% svara hvorki né og 16% finnst þjónustan ekki góð.
- 9% eldri nemenda eru ánægð með viðmót starfsfólks á skrifstofu, 55% svara hvorki né og 37% eru óánægð.

- 50% yngri nemenda eru ánægð með viðmót starfsfólks á skrifstofu, 36% svara hvorki né og 15% eru óánægð.

Nemendur leita upplýsinga á skrifstofunni um námið, fá staðfest vottorð og finna kennara. Nemendur eru yfirleitt sáttir við þjónustuna. Hins vegar eru margir eldri nemendur óánægðir með viðmót starfsfólks á skrifstofunni. Starfsfólk hefur verið upplýst um óánægjuna og því boðið á tilheyrandi námskeið.

5. Umbótastarf

Umbótastarf í Borgarholtsskóla heldur áfram. Við skólann starfa ýmsir hópar og nefndir sem vinna að umbótum í samræmi við stefnu skólans.

- Ný stefnuskrá Borgarholtsskóla var samþykkt í byrjun ársins.
- Ný jafnréttisáætlun var unnin og samþykkt á árinu.
- Gæðaráð skólans vinnur jafnt og þétt að gæðamálum skólans; gæðahandbók er í smíðum.
- Öryggisnefnd er að störfum og vann á árinu áhættumat fyrir skólann.
- Tækjabúnaður er í hægri endurnýjun; t.d. hafa verið keyptar 15 spjaldtölvur til notkunar í bíladeild.
- Umhverfi skólans hefur verið bætt í samræmi við nýjar óskir; m.a. hafa göngustígar verið lagaðir og í haust voru tekin í notkun reiðhjólstæði fyrir nemendur og starfsfólk.

Mikil vinna er um þessar mundir lögð í innleiðingu laga um framhaldsskóla; nýjum áfangalýsingum og nýjum námsbrautum fjölgar stöðugt. Nýir kennsluhættir eru teknir upp og námsframboð er fjölbreyttara og skilvirkni í námi eykst.